

Fundargerð

Fimmtudagurinn 21. október 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.


Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.


Gerður Guðjónsdóttir boðaði forföll.


1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar


Fundargerð funda nr. 380, 381 og 382 frestað til næsta fundar.


2. Fundargögn


 380 fundargerð 07 09 2021


 381 fundargerð 16 09 2021


 382 fundargerð 30 09 2021


 Afletting skuldaábyrgðar Sveitarfélagsins Árborgar af skuldbindingum Leigubústaða Árborgar ses.


 Ábending um fjárgreiðslur inn í borgarsjóð frá erlendum aðila


 bréf til eftirlitsnefndarinnar


 Bréf til HMS vegna LÁ ses - undirritað


 Fjárfesting jan-sept árið 2021 fyrir EFS með heildaráætlun verkefna (1)


 Fjárfesting jan-sept árið 2021 fyrir EFS með heildaráætlun verkefna


 Fundargerð 181021 LÁ ses

 skipulag funda í nóv 2021

 Strandabyggð_skref#2_8.7.2021 (2) (1)

 Svar til EFS okt2021 undirritað

 Tillaga lögð fyrir borgarstjórn 5. okt. 2021

 Yfirferð ársreikn Rv borgar

3. Árborg

Lagt var fram svarbréf frá sveitarfélaginu Árborg, dags. 21. október 2021, við bréfi frá EFS, dags. 8. október. 2021, ásamt fylgiskjöllum er varðar ábyrgð sveitarfélagsins á skuldum Leigubústaðar Árborgar ses. (LÁ ses) og stöðu fjárfestingarverkefna.

Fram kemur í svarbréfinu að sveitarfélagið hafi átt fund með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og þar kom fram að kostur væri að sækja um niðurfellingu ábyrgðar til HMS á skuldum LÁ ses. Í framhaldinu var sótt um niðurfellingu þann 12. október sl. og barst jákvætt svar HMS í kjölfarið. Á þeim grunni felldi stjórn LÁ ses. niður 8. gr. í samþykktu félagsins, sem kvað á skuldaábyrgð Svf. Árborgar, á fundi stjórnar þann 18. október.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að rita Sveitarfélaginu Árborgar annað bréf þar sem óskað er eftir gögnum um hvort það sé fullnægjandi að fella niður ábyrgð sveitarfélagsins á skuldum LÁ ses. í samþykktum félagsins.

4. **Reykjavíkurborg**

Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

Lagt var fram bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu sem óskar eftir afstöðu EFS varðandi erindi frá borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar til ráðuneytisins um erlenda styrki sem veittir hafa verið til Reykjavíkurborgar.

Í erindinu frá borgarfulltrúanum kemur fram að Reykjavíkurborg hafi þegið styrk frá Bloomberg Philanthropies sem á að nota í verkefnið „stafrænar umbreytingar“. Óskað er eftir við ráðuneytið að málið verði skoðað og hvort heimilt sé að þiggja fé af erlendum aðilum með þessum hætti.

Í umræðu nefndarinnar kom fram að það liggur ekki ljóst fyrir hvort einhver skuldbinding sé háð styrknum af hálfu Reykjavíkurborgar og jafnframt telur nefndin rétt að fram fari á athugun á því hvort lög eða reglugerð hafi verið brotin. Í ljósi þessa vísar nefndin málinu til ráðuneytisins til formlegrar meðferðar, skv. XI. kafla sveitarstjórnarlaga á grundvelli 9. gr. reglugerðar nr. 502/2012.

Fyrirvarar í ársreikningi 2020

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi varðandi fyrirvara sem eru gerðir við ársreikning 2020 hjá Reykjavíkurborg. Ákveðið var að skoða málið frekar varðandi að óska eftir upplýsingum frá Reykjavíkurborg.

5. **Strandabyggð – staða mála**

Umræða um stöðu mála hjá Strandabyggð og yfirferð á greinargerð frá Ráðrík um tillögur til úrbóta. Ákveðið var að bíða eftir að útkomuspá 2021 og fjárhagsáætlun 2022 berist til meta fjárhagsstöðu Strandabyggðar.

6. **Fundir með sveitarfélögum – skipulag**

Umræða var um að óska eftir fundum með nokkrum sveitarfélögum til að fara yfir stöðu og horfur í fjármálum í tilteknum sveitarfélögum. Ákveðið var að bíða með óska eftir fundum þangað til í nóvember.

7. **Önnur mál**

Enginn önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar 18. nóvember nk.